

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og fræðslusjóð um bráðafæðuofnæmi.

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Styrktar- og fræðslusjóður um bráðafæðuofnæmi. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja verkefni sem lúta að upplýsingum og fræðslu um bráðafæðuofnæmi, sem og önnur verkefni sem eru til þess fallin að styðja við einstaklinga sem þjást af bráðafæðuofnæmi, einkum börn og unglinga.

Fjármunum sjóðsins skal einungis ráðstafað í þágu ofangreindra markmiða eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi sjóðsins er Líknarsjóður Harðar og Unnar, kt. 450796-2129, Ljárskógum 1, Reykjavík.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20.000.000 (ritað krónur tuttugu milljónir) sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr., í reiðufé. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

Heimilt er að nýta stofnfé sjóðsins að fullu í þágu markmiða sjóðsins skv. 3. gr.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu skipuð Ragnheiður Stefánsdóttir, kt. 141247-7869, Áslaug Þ. Guðjónsdóttir Luther, kt. 091076-4469 og Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, kt. 040257-3579. Falli stjórnarmaður frá eða lætur af störfum skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni kjósa annan meðlim í hans stað og skal þá einfaldur meirihluti ráða í slíkri kosningu. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns stjórnar ráða úrslitum.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fengið tækifæri til að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

9. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

10. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til þeirra markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 3. desember 2019,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.